

Mánudaginn 8. desembermán.

Nr. 18 1890.

Rjettvísing

gegn

Sigtryggi Ísleifssyni.

D ó m u r :

Með stefnu útgefinni 9. desembermán. 1889 höfðaði sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, samkvæmt fyrirskipan hlutadeigandi amtmanns opinbert mál gegn hinum ákærða, Sigtryggi Ísleifssyni, fyrir brot gegn 255. greiu almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og með aukarjettardómi uppkveðnum af tjeðum sýslumanni hinn 16. janúarmán. p. á., var hinn ákærði sýknaður um brot gegn nefndri grein hegningarlaganna, en dæmdur eptir 99. grein 2. málslið, sbr. 101 gr. sömu laga, til að greiða 6 kr. sekt í landssjóð, en til vara, í 2ggja daga einfalt fangelsi og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsfærslulaun til verjanda í hjeraði 5 kr. Þessum aukarjettardómi hefur amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu skotið til yfirdómsins.

Málshöfðunarskipun amtsins hefur eigi verið lögð fram í málinu, en samkvæmt dómstefnu hjeráðsdómarans er málshöfðunin með tilvitnun til fyrirskipunar amtsins einskorðuð við brot á 255. gr. hegningarlaganna. Þar sem hjeráðsdómarinn samt sem áður hefur dæmt hinn ákærða fyrir brot gegn 99. gr. 2. málslið, sbr. 101. gr. hegningarlaganna, þá verður að dæma dóminn ómerkan að því leyti, með því að hinum ákærða eigi var stefnt til ábyrgðar fyrir svofellt brot.

Atvik sakarinnar eru að öðru leyti þau, að vorið 1888 hinn 9. maí kom hlutadeigandi hreppstjóri á heimili hins ákærða, þar er hann þá var fyrirvinna hjá móð-

ur sinni, til þess að gjöra lögtak fyrir prestsgjöldum í dánarbúi föður hins ákærða, sem ekkjan, móðir hans, þá veitti forstöðu. Skuldin var þannig óviðkomandi hinum ákærða, en samt sem áður tók hreppstjórinn lögtaki upp í skuldina gráa hryssu, sem hinn ákærði var eigandi að, eptir því sem nægilega er sannað í máli þessu; og tjáist hreppstjórinn hafa falið hlutaðeigendum að geyma tjeða hryssu «þar til hún yrði seld eða leyst úr lögaldinu innan 3 vikna». Haustið næst á eptir kom hreppstjórinn tvívegis á heimili hins ákærða til þess að halda uppboð á hryssunni; í fyrra skiptið varð ekkert af uppboðinu, með því að hryssan var ekki þar heima og engir kaupendur mættu; hinn ákærði segir og, að sama hafa verið ástæðan til þess, að ekkert varð af seinna uppboðinu, en hreppstjórinn hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi þá verið búinn að selja hryssuna og hafi því eigi verið hægt að bjóða hana upp. Það er eigi upplýst í málinu, hvors þeirra sögusögn um þetta atvik er rjettari, en hitt er viðurkennt af hinum ákærða, að hann hafi um þetta leyti fargað hrossinu, til þess að útvega heimili móður sinnar lífsbjörg fyrir andvirðið, og er hann sakaður fyrir þenna verknað.

Með því að hrossið, sem tekið var lögtaki, var eign hins ákærða, en skuldin, sem lögtak var gjört fyrir, var honum óviðkomandi, enda ætlaði hreppstjórinn eigi að gjöra lögtak í munum hins ákærða, heldur í fjármunum dánarbúsins, þá var lögtakið ólöglegt gagnvart honum og verður það eigi álitíð svíksamlegt athæfi, þótt hann síðar fargaði hryssunni. Það verður því að sýkna hinn ákærða í máli þessu og dæma allan sakarkostnað á almannafje, þar með talin málsvarnarlaun í hjerði, 5

kr. og málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Þó að ærið lengi hafi staðið á rekstri máls þessa í hjerði þar sem 1. rjettarpróf í því var haldið hinn 23. marzmán. 1889, þykir þó eigi ástæða til að láta hjeradsdómarann sæta ábyrgð fyrir það. Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeradsdómurinn á að vera ómerkur, að því er refsingarákvæði hans snertir. Hinn ákærði Sigtryggur Ísleifsson á að vera sýkn, að því er ákær-una fyrir sviksamlegt athæfi snertir. Allur sakarkostnaður bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist af almannaþje, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjerði, cand. Skapta Jósepssonar, 5 kr., og málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 31/1890.

Hið opinbera
gegn

Sigtryggi Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem dæmt er í aukarjetti Akureyrar 22. ágústmán. þ. á., var hinn kærði Sigtryggur Þorgrímsson, sem sakaður var um brot gegn 2. gr. fiski-
6*